

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag frístundabyggðar við Skotöldu í landi Austurhlíðar.*

Í deiliskipulaginu felst að á 2 ha svæði er gert ráð fyrir fjórum 5.000 m<sup>2</sup> lóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús, hámarkshæð 6,5 m og 30 m<sup>2</sup> aukahús, hámarkshæð 4,5 m. Ef heimild um aukahús er ekki nýtt má frístundahús vera allt að 150 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. júní 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 13. október 2011.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**